

Rafræn skilríki virka ekki eftir uppsetningu Nexus Personal

Ef þú ert búinn að setja upp Nexus Personal og ert með tengdan kortalesara en skilríkin eru ekki að virka þá gætu þessar leiðbeiningar hugsanlega leyst málið.

Það eru tvö atriði sem eru grundvöllur fyrir því að skilríkin virki

- 1. Nær Nexus Personal að lesa skilríkin?
- 2. Eru skilríkin að skila sér í skilríkjageymslu Microsoft?

1. Nær Nexus Personal að lesa skilríkin?

Tvísmelltu á Personal táknið sem á að vera neðst í hægra horninu á skjánum.



Þá opnast nýr gluggi og þar þarf að vera þetta tákn sem stendur "Fullgilt auðkenni".



Ef Fullgilt auðkenni birtist ekki er Personal ekki að ná sambandi við kortalesarann og þá þarf að huga að hvort lesarinn sé í sambandi og hvort kort snúi rétt í lesara. Ef um utanáliggjandi lesara er að ræða getur verið gott að taka hann úr sambandi með Personal forritið í gangi, bíða í 5 sek. og setja hann aftur í samband. Ef ekkert af þessu dugar skal hafa samband við þjónustuver Auðkennis í síma 530 0000.

Ef Fullgilt auðkenni birtist skal fara í næsta skref...

2. Eru skilríkin að skila sér í skilríkjageymslu Microsoft?

Stundum gerist það að skilríkin skila sér ekki frá Nexus Personal í skilríkjageymslu Microsoft. Til að kanna hvort það sé tilfellið skal gera eftirfarandi: (Sjá mynd hér til hægri)

Opna Windows Explorer og velja Tools og svo Internet Options





Þá opnast nýr gluggi og velja skal Content flipann

| Internet Options | | | | | | |
|--|--|--|--|--|--|--|
| General Security Privacy Content Connections Programs Advanced | | | | | | |
| Home page | | | | | | |
| http://new.audkenni.is/ | | | | | | |
| Use current Use default Use blank Browsing history | | | | | | |
| Delete temporary files, history, cookies, saved passwords, and web form information. | | | | | | |
| Delete browsing history on exit | | | | | | |
| Delete Settings | | | | | | |
| Search Change search defaults. Settings | | | | | | |
| Tabs Change how webpages are displayed in Settings tabs. | | | | | | |
| Appearance Colors Languages Fonts Accessibility | | | | | | |
| OK Cancel Apply | | | | | | |

Smellið þar á Certificates hnappinn





Þá opnast nýr gluggi

| ntificates | · | | | |
|---|--|------------------------|--|------|
| Personal Other People I | ntermediate Certification | Authorities Tr | rusted Root Certification | 4 |
| Issued To | Issued By | Expiratio | Friendly Name | - |
| Sveinbjörn Grétars | Fullgilt audkenni Fullgilt audkenni | 27.9.2014 27.9.2014 | Auðkenningarskil Undirritunarskilrí | 4 |
| Import Export Certificate intended purpos <all></all> | <u>R</u> emove | | Advan Vjew | nced |
| earn more about <u>certificate</u> | <u>s</u> | | Clos | æ |

Ef nafn þitt stendur þarna undir Issued To þá er uppsetningin á skilríkjunum í lagi og ættu ekki að vera nein vandamál.

Ef nafn þitt er **ekki** þarna þá skal framkvæma eftirfarandi:

Taka Personal forritið af vélinni (unistall) og setja það upp aftur með eftirfarandi aðferð.

Svona tekur þú Personal út af vélinni:

Fara í control panel og velja Add Remove Programs (Windows XP) eða Programs and Features (Windows 7) finna þar í listanum Personal og velja það og velja svo Uninstall. Þá opnast nýr gluggi sem leiðir þig áfram.

Svona setur þú Personal upp á vélina:

Farðu á slóðina <u>http://www.audkenni.is/leidbeiningar/nexus.cfm og veldu þar</u> <u>NexusPersonal.exe</u> undir Nexus Personal fyrir öll Windows stýrikerfi.





Þá opnast nýr gluggi og það er mjög mikilvægt að velja ekki Run heldur Save hnappinn



Vistaðu svo forritið t.d. á skjáborðið þitt (Desktop) og keyrðu það svo þaðan.

Eftir að þú hefur sett Personal upp aftur skaltu athuga hvort skilríkin skila sér í skilríkjageymslu Microsoft eins og lýst er hér fyrir framan.

Ef skilríkin skila sér ekki þangað hafðu þá samband við þjónustuver Auðkennis í síma 530 0000